



Ég og við öll

Fræðsluefni sumarbúða KFUM og KFUK 2012

Tilraunaútgáfa



Inngangur

Fræðsluefnið fyrir sumarbúðirnar að þessu sinni byggir að hluta til á dæmisögum sem eiga ekki allar uppruna sinn í Biblíunni. Mikilvægt er að greina á milli þeirra sagna sem eru hluti af orði Guðs og hinna sem er einfaldlega ætlað að hjálpa okkur til að skilja hugtök og hugmyndir um Guð og vilja hans.

Efnið að þessu sinni notast við innlegg úr ótalmörgum áttum. Hluti samveranna er endurnýttur frá fyrri árum. Þá komu fjölmargir leiðtogar með ábendingar og hugmyndir og loks gafst sumarbúðastarfsfólki sumarsins 2012 tækifæri til að koma með ábendingar og bæta efnið á sumarbúðanámskeiði í lok maí.

Ábyrgð á efninu er þó alltaf æskulýðssviðs KFUM og KFUK og þeirra starfsmanna sem settu það saman í endanlegri mynd, Jóhanns Þorsteinssonar og Halldórs Elíasar Guðmundssonar. Við vonum að það nýtist sem best í því verki sem framundan er.

Í anda þeirrar trúar að ekkert sé endanlegt nema Guð einn, er efnið að þessu sinni gefið út sem tilraunaútgáfa, enda erum við alltaf að prófa okkur áfram, læra og þroskast í verkefnum okkar.

Skrið í Chapel Hill, Norður-Karólínu 4. júní 2012,
Halldór Elías Guðmundsson

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
1. Kvöldvaka: Gullna reglan.....	3
2. Morgunstund: Sköpuð í Jesú Kristi til góðra verka.....	5
3. Kvöldvaka: Miskunnsami Samverjinn.....	7
4. Morgunstund: Hjálparstarf/náungakærleikur	9
5. Kvöldvaka: Þjónum hvert öðru	11
6. Morgunstund: Elskum hvert annað.....	13
7. Kvöldvaka: Þið eruð vinir mínir.....	16
8. Morgunstund: Treystum Drottni.....	18
9. Kvöldvaka: Við erum öll eitt í Kristi.....	21
10. Morgunstund: Hve oft? – sjötíu sinnum sjö.....	23
11. Kvöldvaka: Biðjið og yður mun gefast.....	25
12. Morgunstund: Ég segi aftur verið glöð.....	27
Aukamorgunstund: Heiðarleiki	29
Aukakvöldvaka: Að gera rétt	30
Viðbætur.....	32

1. Kvöldvaka: Gullna reglan

Ritningartexti: Mt 7.7-12.

1. Boðskapur

Guðs orð, Biblían, gefur okkur fyrirheit um að við megum biðja til Guðs. Við erum hvött til að gera það fyrir aðra sem við viljum að aðrir geri fyrir okkur.

2. Aðkoma

Hægt er að spyrja krakkana hvort þau hafi einhvern tímann týnt einhverju. Hvað þau hafi gert þegar þau uppgötvuðu að eitthvað sem var þeim kært var týnt. Jú, líklega fóru þau að leita og hættu ekki fyrr en það sem var týnt var fundið. En ef besti vinur þinn eða vinkona hefur týnt einhverju, hvað gerir þú þá? Jú, þú hjálpar honum eða henni að leita. Því þú veist að ef þú værir að leita þá myndi sannur vinur hjálpa þér.

3. Hugleiðing

Frægasta ræða Jesú sem sagt er frá í Biblíunni kallast Fjallræðan. Hann flutti þá ræðu upp á fjalli frammi fyrir þúsundum áheyrenda. Þegar Jesús talaði þá var hann oft að gefa fólki góð ráð. Hann vildi leiðbeina og benda á hvernig við getum lifað lífinu í sátt og kærleika við aðra menn. Þessi ræða er í Matteusarguðspjalli og nú ætla ég að lesa fyrir okkur nokkur vers úr sjöunda kafla. Hlustið nú vel.

Biðjið og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að hver sá öðlast sem biður, sá finnur sem leitar, og fyrir þeim sem á knýr mun upp lokið verða. Eða hver er sá maður meðal yðar sem gefur barni sínu stein er það biður um brauð? Eða höggorm þegar það biður um fisk? Fyrst þér sem eruð vond hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hve miklu fremur mun þá faðir yðar á himnum gefa þeim góðar gjafir sem biðja hann?

Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera. Því að þetta er lögmálið og spámennirnir.

Jesús hvetur okkur til að biðja til hans og leita hans. Hann gefur loforð um að hann svarar bænum okkar og ef við leitum hans í einlægni þá finnum við hann. Við munum heyra meira hér í sumarbúðunum um Jesú og um það sem hann vill kenna okkur og við viljum líka fá tækifæri til að kenna ykkur að biðja til hans því að það er dýrmætt að eiga Jesú í sínu hjarta og vita að við getum leitað til hans.

En tókuð þið eftir öðru sem kom alveg í lokin á því sem ég las? Síðasta versin, ég ætla lesa það aftur.

Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera.

Vitið þið hvað þetta vers er kallað? Já, Gullna reglan og við hér í samarbúðunum tökum þessa reglu mjög alvarlega. Til að okkur geti öllum liðið vel hér þá er svo mikilvægt að við komum vel fram við hvert annað. Að við sýnum hvert öðru kærleika og hjálpssemi og komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Þannig líður okkur best og við skulum taka þessa hvatningu frá Jesú með okkur í kvöld og muna næstu daga.

4. Samantekt

Jesús lofar því að hlusta á bænir okkar, en hann kallar okkur jafnframt til þess að hlusta á bænir, vonir og drauma hvers annars.

2. Morgunstund: Sköpuð í Jesú Kristi til góðra verka

Ritningartexti: Ef 2.10.

1. Boðskapur – Góðmennska

Guð sem elskar okkur, skapaði okkur til að gera rétt, vera góð hvert við annað. Við eigum ekki að vera góð til að Guð elski okkur heldur vegna þess að Guð elskar okkur.

2. Aðkoma

Foreldrar og forráðamenn elska ykkur ekki vegna þess að þið gerið allt rétt. Nei, foreldrar elska börn sín eins og þau eru. Við sem börn foreldra okkar og börn Guðs, eigum að leitast við að gera rétt í þakklæti fyrir elsku Guðs.

3. Hugleiðing

Benny, David og James eru nöfn þriggja manna sem hafa sameiginlega ástríðu - góðvild. Árið 2008 stofnuðu þeir hreyfingu sem ber heitið „Góðmennsku árásir - GÁ“ (e. The Kindness offensive - TKO). Hreyfingin vakti strax nokkra athygli fyrir að gera góðverk án nokkurs fyrirvara fyrir fólk á fönnum vegi. Verkefnið hófst formlega þegar vinirnir þrír gerðu könnun meðal almennings hvaða góðverk fólk vildi helst að yrði gert fyrir sig.

Næstu mánuði á eftir gaf hreyfingin miða á tónleika og íþróttaleiki, mat, eldhúsahöld, heimagera konfekt og margt fleira. Í október 2008, gaf hreyfingin 25 tonn af niðursoðnum mat til þurfandi, m.a. í gegnum Hjálpræðisherinn. Verkefnið stækkuðu og í febrúar 2009 bauð hreyfingin upp á 500.000 pönnukökur.

Hreyfingin hefur haldið áfram að vaxa. Slagorðið þeirra er fengið að lán frá rithöfundinum Anne Herbert, en þar segir að hlutverk hreyfingarinnar sé „að gera óvænt góðverk og skapa fegurð án sérstaks markmiðs“. Hreyfingin hefur virkjað til aðgerða þúsundir íbúa í London og fátt sem bendir til að það dragi úr starfinu í bráð.

(Byggt á texta úr „The Think Tank“ eftir Martin Saunders)

Það eru til fjölmargar sögur af venjulegu fólki eins og Benny, David og James sem taka þá ákvörðun að gera líf fólks í kringum sig aðeins betra. Önnur hreyfing ber heitið „Borgum áfram“ (e. Pay it Forward) þar sem þátttakendur sem upplifa góðverk gagnvart sér, leitast við að halda góðverkakeðju gangandi með að gera góðverk gagnvart þremur til viðbótar.

Biblían kallar okkur til að gera góðverk, leitast við að skapa betri heim. Guð vill að við fegrum sköpunarverkið með góðum verkum, eða eins og segir í Efesusbréfinu:

Við erum smíð Guðs, sköpuð í Kristi Jesú til góðra verka sem hann hefur áður fyrirbúið til þess að við skyldum leggja stund á þau.

4. Samantekt

Guð hefur kallað okkur til að gera það sem er rétt.

5. Uppflettitextar

- Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum. (Mt 5.16)
- Guð er þess megnugur að veita ykkur ríkulega allar góðar gjafir til þess að þið í öllu og ávallt hafið allt sem þið þarfnist og getið sjálf veitt ríkulega til allra góðra verka. (2Kor 9.8)
- Ég fulltreysti einmitt því að hann, sem byrjaði í ykkur góða verkið, muni fullkomna það allt til dags Jesú Krists. (Fil 1.6)
- Það orð er satt, og á þetta vil ég að þú leggir alla áherslu til þess að þau sem fest hafa trú á Guð láti sér umhugað um að stunda góð verk. Þetta er gott og mönnum nytsamlegt. (Tít 3.8)

6. Hugmyndabanki

Samviskugöng

Hægt er að notast við samviskugöng þegar kennt er um umdeilda einstaklinga eða erfiðar ákvarðanir. Þátttakendur stilla sér upp í tvær raðir þannig að það myndist göng á milli. Þau sem mynda göngin snúa andspænis hvort öðru, snúa andlitum sínum inn í göngin. Hlutverk þeirra er að vera samviska þeirra sem ganga í gegn.

Nokkrir þátttakendur eru valdir til að taka að sér ákveðin hlutverk og ganga í gegnum göngin. Þeir sem mynda gangavegginn til hægri segja eitthvað til að hvetja viðkomandi til að gera rétt, meðan þau sem standa viðkomandi á vinstri hönd reyna að sannfæra persónuna um að gera ekkert eða breyta rangt. Einn úr hvorri röð á víxl ávarpa þátttakandann sem gengur í gegnum göngin þar til viðkomandi hefur gengið í gegn og allir hafa ávarpað hana.

Umræður í kjölfar samviskugangna:

Hvernig fannst þér að hvetja einhvern til að gera rétt/rangt?

(Byggt á verkefni úr bókinni *Leiklist í kennslu* (2006) eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur)

3. Kvöldvaka: Miskunnsami Samverjinn

Ritningartexti: Lk 10.25-37.

1. Boðskapur – Góðmennska

Við erum kölluð til að hjálpa hvert öðru. Við getum fundið milljón ástæður til að sleppa því að hjálpa, en það fríar okkur ekki ábyrgð.

2. Aðkoma

Við þekkjum væntanlega öll að þurfa á hjálp að halda. Stundum lendir maður í aðstæðum þar sem maður hreinlega verður að fá einhverja hjálp. Kannski þið hafið einhvern tímann dottið á hjóli og þurft á hjálp að halda til að komast undan því og standa upp. Jesús hvetur okkur til að sýna hvert öðru hjálpsemi og í dag heyrum við eina af frægustu sögum hans um einmitt það.

3. Hugleiðing

Sagan um Miskunnsama Samverjann þarfnast ekki mikilla eða flókinna útskýringa. Það fer vel á því í sumarbúðunum að lesa söguna eins og hún er skrifuð í Biblíunni, án skýringamynda eða heimfærslu til samtímans.

Útlegging sögunnar eftir lesturinn þarf ekki að vera löng eða flókin og gæti verið eitthvað á þessa leið.

Presturinn og levítinn höfðu kannski 100 mismunandi ástæður fyrir því að þeir gerðu ekki neitt. Kannski voru þær hræddir um að þetta væri gildra. Hugsanlega fannst þeim maðurinn við veginn skítugur og ógeðslegur. Ef til vill voru þeir að flýta sér.

Hvaða afsökun þeir höfðu skiptir ekki máli. Það sem skipti máli var að einhver gaf sér tíma og hjálpaði þeim sem lá meiddur við veginn og hjálpaði.

Hver vilt þú vera í sögunni?

4. Samantekt

Líkt og í sögunni um Miskunnsama samverjann skulum við setja okkur það markmið að reynast þeim vel sem verða á vegi okkar. Við skulum vera hjálpsöm og styðja hvert annað. Þá líður okkur vel. Samfélag okkar verður betra þegar við öll stöndum saman og styðjum hvert annað í gegnum lífið. Þannig vill Jesús að við lifum lífi okkar öðrum til blessunar.

5. Hugmyndabanki

Viðurkenning samverjans

Foringjarnir hér í sumarbúðunum hafa fengið tvær nælur hver sem á stendur „Miskunnsami Samverjinn“. Í dag og næstu daga munu þeir fylgjast vel með ykkur og ef þeir verða vitni af hjálpssemi eða góðverki þá getur verið að þeir gefi ykkur nælu í viðurkenningarskyni. Það þýðir samt ekkert að reyna að rukka nælu eða telja upp allt það góða sem þið hafið gert því best er að verðlauna þá sem voru bara í alvörunni hjálpsamir. Þegar við sýnum hvert öðru hjálpssemi þá er það ekki til að fá hrós fyrir heldur vegna þess að við munum eftir Gullnu reglunni og viljum sýna hvert öðru kærleika.

Myndband - Miskunnsami samverjinn

<http://www.youtube.com/watch?v=mfByltL1ZSc>

MEME, æskulýðsfélag Digraneskirkju undir leiðsögn Guðrúnar Þóru hefur fært söguna um miskunnsama samverjann í áhugaverðan búning sem gæti virkað í sumarbúðunum.

Leikpáttur í nútímabúningi

Hægt er að fá þátttakendur í sumarbúðunum til að setja upp leikpátt byggðan á sögunni, jafnvel í nútíma búningi.

4. Morgunstund: Hjálparstarf/náungakærleikur

Ritningartexti: Mt 25.31-40.

1. Boðskapur – Hjálpsemi

Guð vill að við komum vel fram við náunga okkar og sýnum honum kærleika og umhyggju.

2. Aðkoma

Það er hægt að nálgast efnið með að spyrja í upphafi hvort þátttakendur hafi einhvern tímann tekið þátt í því að hjálpa einhverjum sem þau þekkja ekki og/eða tekið þátt í söfnun til að hjálpa þeim sem minna mega sín. Einnig má hugsa sér að sýna þeim spjaldið með hugtakinu „Hjálpsemi“ og biðja þau um að nefna dæmi.

3. Hugleiðing

Öll erum við sköpun Guðs. Ekki aðeins þau, þær eða þeir, sem eru eins og við. Nei, allt mannkyn er dýrmæt sköpun Guðs. Frásagnir og kennsla Jesú leggur áherslu á þessa staðreynd, náðargjöf Guðs, elska og ást skaparans er ætluð öllum.

Mörgum finnst að orð Jesús í 25. kafla Matteusarguðspjalls séu harkalegustu orðin sem Jesús sagði. En þar skiptir hann mannkyni í tvo hluta, eða eins og segir í textanum:

Allar þjóðir munu safnast frammi fyrir honum og hann mun skilja þær að eins og hirðir skilur sauði frá höfrum. Sauðunum skipar hann sér til hægri handar en höfrunum til vinstri. Og þá mun konungurinn segja við þá til hægri: Komið þér, sem faðir minn á og blessar, og takið við ríkinu sem yður var ætlað frá grundvöllun heims. Því hungraður var ég og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þér hýstuð mig, nakinn og þér klædduð mig, sjúkur og þér vitjuðuð mín, í fangelsi var ég og þér komuð til mín. Þá munu þeir réttlátu segja: Drottinn, hvenær Sáum vér þig hungraðan og gáfum þér að eta eða þyrstan og gáfum þér að drekka? Hvenær Sáum vér þig gestkominn og hýstum þig, nakinn og klæddum þig? Og hvenær Sáum vér þig sjúkan eða í fangelsi og komum til þín? Konungurinn mun þá svara þeim: Sannlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.

Síðan mun hann segja við þá til vinstri handar: Farið frá mér, bölvæðir, í þann eilífa eld sem búinn er djöflinum og árum hans. Því hungraður var ég en þér gáfuð mér ekki að eta, þyrstur var ég en þér gáfuð mér ekki að drekka, gestur var ég en þér hýstuð mig ekki, nakinn en þér klædduð mig ekki, ég var sjúkur og í fangelsi en ekki vitjuðuð þér mín.

Þá munu þeir svara: Drottinn, hvenær Sáum vér þig hungraðan eða þyrstan, gestkominn eða nakinn, sjúkan eða í fangelsi og hjálpuðum þér ekki? Hann mun þá svara þeim:

Sannlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð ekki einum minna minnstu bræðra, það hafið þér ekki heldur gert mér. Og þeir munu fara til eilífrar refsingar en hinir réttlátu til eilífs lífs.

Stundum er talað um sjálfskaparviti, þegar einhver hefur kallað yfir sjálfan sig hörmungar. Þessi orð fjalla um slíkar hörmungar. Orð Jesús minna okkur á að hið eina raunverulega sjálfskaparviti er samfélag þar sem hver og einn lætur sér vanlíðan og hörmungar annarra sér í léttu rúmi liggja. Þegar við leyfum ekki öðrum að njóta með okkur, þá gleymum við því að okkar eigin gjafir og hæfileikar eru gjöf frá Guði.

Þegar við sniðgöngum þá sem minna mega sín, þá höfnum við því að eiga í gefandi og nærandi samskiptum og missum af því að eiga samfélag við Guð í gegnum náunga okkar. Við gleymum Guði, höfnum skaparannum og köllum yfir jörðina og stundum okkur sjálf einmanaleik og vítiskvalir. Það að koma fram af skeytingarleysi eða illsku gagnvart manneskjum sem eru skapaðar í Guðs mynd, leiðir einfaldlega til helvítis á jörðu, þar sem verk okkar skyggja á Skaparann.

Ef við viljum vera í samfélagi við Guð þá leitumst við eftir að taka þátt í sköpunarverkinu með að gera vilja Skaparans, elska, virða, vernda og hjálpa. Aðeins með því að taka þátt í að viðhalda og rækta sköpun Guðs getum við séð elsku Guðs að verki.

4. Samantekt

Allt mannkyn er hluti sköpunarverksins. Framkoma okkar hvert við annað getur haft áhrif á það hvernig og jafnvel hvort við og aðrir sjáum Guð.

5. Uppflettitextar

- Sá lánar Drottni sem líknar fátækum, hann mun endurgjalda honum. (Ok 19.17)
- Jesús kallaði til sín lítið barn, setti það meðal þeirra og sagði: „Sannlega segi ég yður: Þér komist aldrei í himnaríki nema þér snúið við og verðið eins og börn. Hver sem auðmýkir sig og verður eins og barn þetta, sá er mestur í himnaríki. Hver sem tekur við einu slíku barni í mínu nafni tekur við mér. (Mt 18.2-4)
- Sælir eru miskunnsamir því að þeim mun miskunnað verða. (Mt 6.7)

6. Hugmyndabanki

Jól í skókassa verkefnið

Hægt er að nota tækifærið til að segja frá hjálparstarfi. Félagar í KFUM og KFUK halda utan um og skipuleggja Jól í skókassa-verkefnið á hverju ári. Það fer vel á að segja frá því hér.

Kristniboðssambandið

Samband íslenskra kristniboðsfélaga hefur verið í miklum tengslum við KFUM og KFUK um áratugaskeið. Vel fer á því að segja frá kristniboðinu, sér í lagi ef í flokknum er starfsfólk sem hefur heimsótt kristniboðsákurinn í Afríku og getur sagt frá eigin reynslu.

5. Kvöldvaka: Þjónum hvert öðru

Ritningartexti: Jh 13.1-20.

1. Boðskapur – Hjálpssemi

Guð kallar okkur til samfélags hvert við annað þar sem við hjálpumst að.

2. Aðkoma

Hvernig náum við árangri í knattspyrnu? Leo Messi er líklega besti knattspyrnumaður í heimi, en hann veit vel að hann getur ekki unnið einn. Hann er hluti af heild og til að vel gangi þarf liðið í heild að ná að spila saman. (Sjá myndband)

3. Hugleiðing

Það getur verið mjög viðkvæmt í starfi með börnum og unglingum að tala um Himinn og Hel. Það er t.d. algjörlega óviðeigandi að dæma einn né neinn. Hafandi gefið þennan fyrirvara þá er neðangreind dæmisaga mjög góð leið til að nálgast og útskýra Gullnu regluna. Sagan um skeiðarnar og eftirlífið er flökkusaga eignuð rabbínanum Haim frá Romshishok. Það er mikilvægt að það komi fram þegar sagan er sögð að hún er ekki úr Biblíunni heldur hefur hún gengið manna á milli til að útskýra að eilífa lífið er fólgið í kærleikanum sem við sínum hvert öðru.

Sagan segir að einhverju sinni hafi vitur maður fengið að sjá Himinn og Hel. Hann hélt fyrst til Heljar og sýnin sem við blasti var óhugnanleg. Í Hel blöstu við raðir af matarborðum og á borðunum var hvers kyns matur, samt var fólkið í kringum borðið fölt og hungurmorða, vældi af hungri. Þegar maðurinn kom nær skildi hann betur hvað var á seyði. Hver og einn hélt á skeið, en handleggir þeirra voru stífir svo þeir gátu ekki beygt olnboga sína og fært skeiðina að muni sínum. Sjónin sem við blasti var hrikaleg, aumingja fólkið sat með allan matinn fyrir augum sér en gat ekki borðað neitt.

Því næst fór hann til Himins. Það kom honum á óvart að sjá eins borð og í hel, raðir af matarborðum full af mat, en hér á Himni var fólkið hamingjusamt, talaði hvort við annað og virtist vera satt. Þegar hann kom nær, sá hann að handleggir fólksins voru stífir liggja og í Hel, hvernig gátu þau samt borðað?

Maðurinn horfði í undrun, þegar ein manneskja á Himni setti skeið sína í matinn á borðinu. Hún teygði sig síðan yfir borðið og gaf manneskjunni sem sat andspænis henni að borða. Sú sem fékk mat frá sessunaut sínum, þakkaði fyrir sig með því að fæða þann sem fyrst hafði tekið upp skeið.

Maðurinn skyldi samstundis. Það sem aðskilur Himinn og Hel eru ekki aðstæður eða umhverfi. Það sem mestu skiptir er hvernig við sem manneskjur komum fram hvert við annað.

4. Samantekt

Guð vill að við hjálpumst að. Hann kallar okkur til að vinna saman.

5. Hugmyndabanki

Popptenging - FC Barcelona

<http://www.youtube.com/watch?v=i1p1yHOC42M>

Samspil leikmanna FC Barcelona er heimsþekkt og hrein unun að horfa á hvernig boltinn gengur frá manni til manns. Þetta myndband er fjögurra mínútna langt og sýnir nokkra valda kafla úr leikjum liðsins.

Kvöldkaffi með stífar hendur

Fyrir ævintýragjarnari starfsmenn í smærri sumarþúðum þá er hugsanlegt að láta börnin borða kvöldkaffi með stífar hendur. Ekki er mælt með að reyna það í Vatnaskógi.

Að vera í sumarþúðum

Hér er hægt að benda þátttakendum á að sumarþúðirnar myndu aldrei virka án samvinnu. Það er ekki hægt að halda herbergi hreinu nema allir hjálpist að. Á sama hátt virka hópíþróttir aldrei án samvinnu. Þegar við hjálpumst öll að þá aukum við gleði allra.

6. Morgunstund: Elskum hvert annað

Ritningartexti: 1Jh 4.7-21.

1. Boðskapur – Kærleikur

Guð elskar okkur hvert og eitt svo mikið að hann sendi einkason sinn í heiminn til þess að við mættum lífa. Ef við leyfum elsku Guðs að hafa áhrif á líf okkar þá gefur hann okkur kærleika til þeirra sem í kringum okkur er og kennir okkur að elska hvert annað.

2. Aðkoma

Það er góð tilfinning, þegar við finnum, að okkur þykir vænt um einhvern eða einhverjum þykir vænt um okkur. Þá er lífið allt svo fallegt og gleði í hjarta okkar. Hvernig vitum við að einhverjum þykir vænt um okkur? Það er ekki alltaf auðvelt að finna út, hvort einhverjum, sem hjá okkur er, þykir vænt um okkur, því að þau hafa ekki alltaf tíma til þess að sýna í verki.

En hvernig getum við vitað, að Jesú þygi vænt um okkur? Það hefur hann sýnt með lífi sínu og þegar hann dó á krossinum okkar vegna. Við vitum líka að Guð elskar okkur og vill að við séum börnin hans. En má Jesús vera að því að hlusta á okkur? Já, hann hefur alltaf tíma.

3. Hugleiðing

Í fyrsta bréfi Jóhannesar, 4. kafla, er texti sem mig langar til að lesa fyrir ykkur. Yfirskriftin er *Kærleikur Guðs*.

Þið elskuðu, elskum hvert annað því að kærleikurinn er frá Guði kominn og hver sem elskar er barn Guðs og þekkir Guð. Sá sem ekki elskar þekkir ekki Guð því að Guð er kærleikur. Í því birtist kærleikur Guðs til okkar að Guð hefur sent einkason sinn í heiminn til þess að hann skyldi veita okkur nýtt líf. Þetta er kærleikurinn: Ekki að við elskuðum Guð heldur að hann elskaði okkur og sendi son sinn til að vera friðþæging fyrir syndir okkar.

[Þið elskuðu, fyrst Guð hefur elskað okkur svo mikið þá ber okkur einnig að elska hvert annað. Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Ef við elskum hvert annað þá er Guð í okkur og kærleikur hans er fullkomnaður í okkur. Guð hefur gefið okkur anda sinn og þannig vitum við að við erum í honum og hann í okkur. Við höfum séð og vitnum að faðirinn hefur sent soninn til að vera frelsari heimsins. Hver sem játar að Jesús sé sonur Guðs, í honum er Guð stöðugur og hann í Guði. Við þekkjum kærleikann, sem Guð hefur á okkur, og trúum á hann.

Guð er kærleikur og sá sem er stöðugur í kærleikanum er stöðugur í Guði og Guð er stöðugur í honum. Fáum við elskað hvert annað og lífað eins og Kristur lifði hér á jörð, verðum við full djörfungar á degi dómsins. Ótti er ekki í elskunni. Fullkomin elska rekur út óttann. Því að óttinn býst við hegningu en sá sem óttast er ekki fullkominn í elskunni. Við elskum því að Guð elskaði okkur að fyrri bragði. Ef einhver segir: „Ég elska Guð,“ en

hatar trússystem sín sá lygari. Því að sá sem elskar ekki bróður sinn eða systur, sem hann hefur séð, getur ekki elskað Guð sem hann hefur ekki séð. Og þetta boðorð höfum við frá honum, að sá sem elskar Guð á einnig að elska bróður sinn og systur.]

Guð er kærleikur og kærleikur hans birtist í því að hann sendi son sinn Jesú Krist til þess að frelsa okkur undan synd og dauða. Það var svo ótal margt sem Jesús kenndi sínum lærisveinum sem hafði miklar breytingar í för með sér fyrir samfélag okkar. Hann talaði mikið um mikilvægi þess að við sýnum hvert öðru kærleika og hann bendir okkur á að við getum ekki verið sönn í því að elska Guð ef við hötum bræður okkar og systur. Það er líka talað um að vera stöðug í trúnni og lykillinn að því er að játa með munni sínum að Jesús er sonur Guðs og að við viljum trúa á hann og leita til hans í gleði og sorg.

Það var einu sinni gamall maður sem kom niður á strönd og sá ungan dreng sem stóð á ströndinni og var að beygja sig niður og taka upp litlar skeljar úr fjörunni sem sjórinn hafði skolað upp á þurrt land og henda þeim aftur út í sjó. Gamli maðurinn spurði drenginn hvað hann væri að gera og hann sagðist vera að bjarga skelfisknum sem ætti heima innan í skeljnum því að ef sólin fengi að skína á skeljarnar þá myndu þær þorna og fiskurinn deyja. Gamli maðurinn leit yfir ströndina og sá að sjórinn hafði skilað þúsundum skelja upp á þurrt land og sagði: Hvað heldurðu að það skipti máli þótt þú hendir nokkrum skeljum aftur út í sjó það eru þúsundir skelja í fjörunni? Það skiptir máli fyrir þessa, sagði drengurinn og henti skel í sjóinn.

Þannig er elska Guðs til okkar. Hvert og eitt okkar er í augum Guðs svo óendanlega dýrmæt að hann gaf son sinn á krossi fyrir okkur og vill gefa okkur eilíft líf á himnum með sér.

4. Samantekt

Við sýnum þakklæti okkar til Guðs með því að sýna hvert öðru kærleika. Þegar við áttum okkur á því hversu heitt Guð elskar okkur hvert og eitt þá fyllist hjarta okkar af löngun til þess að sýna öðrum ást og umhyggju. Guð fer ekki í manngreinaralit og elskar allt fólk og við eigum að leitast við að gera slíkt hið sama.

5. Uppflettitextar

- Því að þetta er sá boðskapur sem þið hafið heyrt frá upphafi: Við eigum að elska hvert annað. (1Jh 3.11)
- Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki heldur hafi eilíft líf. (Jh 3.16)

6. Hugmyndabanki

Leynivinaleikur

Hægt er að skipuleggja leynivinaleik í sumarbúðunum þar sem allir hafa það verkefni að gleðja leynivinininn sinn með góðum orðum, gjöfum og/eða hjálpsemi. Hluti af markmiði leiksins er að sá sem nýtur kærleiksverksins viti ekki hver veitir af góðvild sinni. Útfærsla á leiknum fer eftir fjölda þátttakenda og aldri.

Popptenging - Lion King (Dauði Mufasa)

<http://www.youtube.com/watch?v=r0kKNYys4YQ> (2 mín 21 sek)

<http://www.youtube.com/watch?v=ipjyHO0Jb0Y> (3 mín 58 sek)

Andlát Mufasa, þar sem hann gefur sjálfan sig í dauðann fyrir son sinn Simba, hefur verið kosið sem eitt af sorglegustu myndskaiðum kvikmyndasögunnar. Frásagan um þann sem af kærleik og ást leggur sjálfan sig í sölurnar fyrir aðra.

7. Kvöldvaka: Þið eruð vinir mínir

Ritningartexti: Jh 15.11-17.

1. Boðskapur – Kærleikur

Jesús sat með lærisveinum sínum. Þeir litu upp til hans og fannst hann meiri heldur en þeir, en hann sagði „við erum vinir.“ Að vera vinur er að hlusta hvort á annað og vera saman. Vinátta snýst ekki um að þóknast vinum sínum, heldur um gagnkvæmni og samskipti sem einkennast af ást og gleði. Vinir dæma ekki hvor annan heldur ráðleggja og leiðbeina.

2. Aðkoma

Allir þátttakendur í sumarbúðastarfinu hafa hugmyndir um hvað felst í vináttu. Því fer vel á að spyrja þau hvað felst í því að vera góður vinur og hvernig vini þau vilji eiga.

3. Hugleiðing

Það var laugardagur og það rigndi. Gyða og Einar áttu frí í skólanum. En allt var svo leiðinlegt, ekkert að gera. Mamma stakk upp á hinu og þessu, en ekkert var nógu spennandi.

- „Ég veit ekkert annað ráð en að þið setjist niður og skrifið óskalista um það hvað viljið fá í afmælisgjöf,“ sagði mamma uppgefin, „afmælin ykkar eru þrátt fyrir allt ekki langt framundan.“
Þetta dugði. Pappír og blýantar voru dregnir fram.

- „Ég verð að fá mikinn pappír,“ sagði Gyða.

- „Ég verð alla vega að fá eitt stórt blað,“ bætti Einar við.

Einar og Gyða sátu hljóð langa stund. Þabba tókst að gera mörg laugardagsverkin án þess að verða truflaður. Það leið heil klukkustund þar til krakkarnir birtust á ný með listana sína.

Gyða hafði skrifað tvær heilar blaðsíður.

EIGIÐ HERBERGI, stóð ritað efst með stórum stöfum. Á eftir kom listi; iPod, Nintendo 3DS, skúffur, hjól, nýtt úr, myndavél og margt fleira sem maður getur hugsað sér að eiga og svo margir aðrir eiga líka.

Einar hafði skrifað tvö orð, en þau voru tiltölulega stór. Þau þöktu allt blaðið. Hann notaði rauðan tússpenna sem hann átti og næstum kláraði hann þegar hann skrifaði vandlega: „Góður vinur.“

Gyða fékk hláturskast: „Þokkalegar óskir eða hitt þá heldur.“

Mamma svaraði: „Mér finnst þetta ekkert til að hlæja að, Gyða. Óskin hans Einars er vissulega sú besta sem ég hef séð. Margir þurfa að setja slíkt á óskalistann sinn.“

Góður vinur.

Hvers væntum við af góðum vini?

Alla vega má hann ekki vera fýlugjarn og fara í fússi í hvert sem hann greinir á við vin sinn. Svo þarf hann líka að vilja alltaf að vera með mér, en ekki bara þegar ég fæ pening hjá pabba til að kaupa nammi.

Hann verður líka að vera vinur minn þegar ég er með kvef og ég hef ekki leyfi til að vera úti, heldur verð að leika inni með leiðinlega hluti.

Margir strákar og stelpur eru svo heppin að eiga góða vini. En nú skulum við tala um vin í sérflokki. Það er Jesús.

Það er nefnilega merkilegt að hann skuli vilja vera vinur okkar, því við erum ekki alltaf góð við hann.

Þegar vinur okkar bregst okkur, segjum við kannski: „Ég vil ekki eiga þig að vini lengur.“

Þegar við svíkjum Jesús, segir hann: „Komið til mín, allir þér sem eigið erfitt og hafið áhyggjur.“

Hann bíður okkur að hefja vináttuna upp á nýtt. Hann segir líka að honum þyki vænt um þá sem svíkja sig: „Það eru ekki þeir sem eru heilbrigðir sem þurfa á lækni að halda, heldur þeir sem eru sjúkir.“

Það er eitt enn sem er ennþá merkilegra sem gerir Jesús að einstökum vini. Hann tekur á sig það ranga sem við gerum. Annar eins vinur finnst ekki.

Jesús, sonur Guðs, tekur á sig ábyrgð gagnvart Guði á öllu því sem við gerum rangt. Hann gefur okkur frelsi og traust, þrátt fyrir að við bregðumst oft. Hann vill vera vinur okkar. Hann vill standa með okkur alltaf, alls staðar, líka þegar við brjótum af okkur. (Byggt á „Óskalista Einars“ úr sumarbúðafræðsluefninu frá 1991).

4. Samantekt

Jesús vill vera vinur okkar alltaf. Hann stígur fram og tekur á sig ábyrgð gagnvart lögmáli Guðs, svo við megum vera frjáls.

5. Hugmyndabanki

Popptenging - Ég á góðan vin

<http://www.youtube.com/watch?v=csTWwGBAsE4>

„Ég á góðan vin“ úr Glanna Glæp í Latabæ, er fallett lag um vináttu.

Leikþáttur um „Óskalista Einars“

Hægt er að fá þátttakendur til að leika samtál Einars, Gyðu og móður þeirra.

Óskalistar

Hægt er að hengja upp blöð í sumarbúðunum þar sem þátttakendur geta skrifað óskir sínar.

8. Morgunstund: Treystum Drottni

Ritningartexti: 1 Sam 17.32-54.

1. Boðskapur – Hugrekki

Við erum kölluð til að gera það sem rétt er, þó það sé erfitt og geti stundum lítið út fyrir að vera hættulegt eða jafnvel heimskulegt.

2. Aðkoma

Við nálgumst mikið af hugleiðingaefninu í þessu hefti með spurningum til þátttakenda, til að búa til nálgun að efninu. Að þessu sinni má spyrja þátttakendur hvort þau hafi einhvern tímann gert eitthvað sem þau vissu að myndi hjálpa einhverjum, en gæti hafa reynst hættulegt fyrir þau. Með öðrum orðum, hvort þau hafi einhvern tímann verið hetjur?

3. Hugleiðing

Hugleiðingin í dag getur falist í því að segja einfaldlega söguna af Davíð og Goliát. Í stað þess að notast við endursögn getur verið gott að notast við Biblíutextann með örlitlum breytingum. Það er gagnlegt fyrir þátttakendur í starfi að heyra ekki í sífellu einfaldanir og niðursoðið efni.

Það er nauðsynlegt að byrja með inngangi sem sagt er frá því að „Ísraelar og Filistear áttu einu sinni sem oft í stríði. Í hópi Filisteanna var mikill stríðsmaður sem hét Goliát. Enginn hafði séns á að sigrast á honum og konungur Ísraels, sem hét Sál, var ráðalaus þegar sagan hefst.

Davíð sagði við Sál: „Það er ástæðulaust að láta hugfallast vegna Filisteans. Ég, þjónn þinn, mun fara og berjast við þennan Filistea.“ Sál svaraði Davíð: „Þú hefur ekki burði til að berjast við Filisteann. Þú ert aðeins unglingur. En hann hefur verið hermaður allt frá æskuárum.“

Davíð svaraði Sál: „Þjónn þinn hefur verið fjármaður hjá föður sínum. Þegar ljón eða björn kom og tók lamb úr hjörðinni elti ég hann og felldi og reif síðan lambið úr gini hans. En ef dýrið réðst á mig greip ég í makkann á því og drap það. Þjónn þinn hefur bæði drepið ljón og birni og eins mun fara fyrir þessum [villutrúar] Filistea vegna þess að hann hefur [gert grín] að hersveitum hins lifandi Guðs.“

Og Davíð hélt áfram: „Drottinn, sem bjargaði mér úr klóm ljóna og bjarna, mun einnig bjarga mér frá Filisteanum.“ Þá svaraði Sál Davíð: „Þú skalt fara, Drottinn veri með þér.“

Sál færði Davíð þá í herklæði sín, setti eirhjálma á höfuð honum og bjó hann brynju. Davíð gyrti sig sverði hans yfir herklæðin og reyndi að ganga en það hafði hann ekki reynt áður.

Davíð sagði þá við Sál: „Ég get ekki gengið í þessu því að ég er því óvanur.“ Fór hann síðan úr herklæðunum, tók staf sinn sér í hönd og valdi fimm hála steina úr ánni, lét þá í

smalatösku sína, sem hann var með, og hafði slöngvusteinana í. Hann hélt síðan gegn Filísteinum með slöngvu sína í hendi.

Filisteinn gekk fram og nálgast Davíð og maðurinn, sem bar skjöld hans, gekk fyrir honum. Filisteinn kom auga á Davíð og leit til hans með fyrirleitningu því að hann var aðeins unglingur, fríður og rauðbirkinn. „Heldurðu að ég sé hundur,“ spurði Filisteinn Davíð, „úr því að þú kemur á móti mér með staf?“ Og Filisteinn formælti Davíð við Guð sinn og hrópaði til Davíðs: „Komdu hingað. Ég skal gefa fuglum himinsins og dýrum merkurinnar hræ þitt að éta.“

Davíð svaraði Filísteinum: „Þú kemur á móti mér með sverð, spjót og lensu en ég kem á móti þér í nafni Drottins hersveitanna. Hann er Guð herfylkinga Ísraels sem þú hefur smánað. Í dag mun Drottinn framselja þig í hendur mér. Ég mun fella þig og höggva af þér höfuðið. ... Þá munu allir íbúar jarðarinnar viðurkenna að Ísrael á sér Guð. Allir, sem hér eru saman komnir, skulu viðurkenna að Drottinn frelsar ekki með sverði og spjóti. Þetta er stríð Drottins og hann mun framselja ykkur í hendur okkar.“

Filisteinn hélt af stað og gekk fram gegn Davíð. Hann hljóp hratt á móti honum í áttina að herfylkingunni, stakk hendinni í töskuna, tók úr henni stein og slöngvaði og hæktaði Filisteann í ennið. Grófst steinninn í enni Filísteans sem féll á grúfu til jarðar. Þannig sigraði Davíð Filisteann með slöngvu og steini. Hann felldi hann og drap án þess að hafa sverð í hendi. Síðan hljóp Davíð að og til Filísteans, greip um sverð hans, dró það úr slíðrum og drap hann og hjó loks af honum höfuðið með því. Þegar Filísteinnir sáu að hetja þeirra var fallin lögðu þeir á flótta.

Vonandi lenda þáttakendurnir í starfinu hjá okkur aldrei í bókstaflega í sporum Davíðs, en sagan kennir okkur að allt er mögulegt ef Guð er með. Jafnvel lítill rauðbirkinn vopnlaus drengur getur fellt rísa, svo lengi sem drengurinn gengur fram í trausti til þess að allt sé hægt og Guð sé með.

4. Samantekt

Ef Guð er með okkur, þá er allt mögulegt.

5. Uppflettitextar

- Já, vona á Drottin, ver öruggur og hugrakkur, vona á Drottin. (Slm 27.14)
- Treyst Drottin og ger gott, þá muntu óhultur búa í landinu. (Slm 37.3)
- En Guð, sem veitir þolgæðið og hugrekkið, gefi ykkur að vera samhuga að vilja Krists Jesú til þess að þið einum huga og einum munni vegsamið Guð, föður Drottins vors Jesú Krists. (Rm 15.5-6)
- Hvern þann sem kannast við mig fyrir mönnum mun og ég við kannast fyrir föður mínum á himnum. (Mt 10.32)

6. Útikennsla

Að standa frammi fyrir einhverju(m)

Vel fer á því að útfæra í kjölfarið á þessari fræðslu þrautabraut sem reynir á hugrekki og leyfir þáttakendum að upplifa ögrun og óvissu. Dæmi um slíkt væri t.d. „Á flótta-leikurinn“ sem hefur verið notaður í Vatnaskógi og Vindáshlíð. Mikilvægt er þó að hafa í huga að miða leikinn við aldur og þroska þátttakenda.

9. Kvöldvaka: Við erum öll eitt í Kristi

Ritningartexti: Kól 3.11.

1. Boðskapur – Dýrmæt sköpun Guðs

Þessari samveru er ætlað að minna okkur á að við erum öll dýrmæt sköpun Guðs. Orðið öll vísar hér til alls mannkyns.

2. Aðkoma

Hér gæti verið spennandi fyrir þátttakendur að nefna réttindi sem allir ættu að hafa í ljósi þess að við erum öll dýrmæt sköpun Guðs. Einnig er hér spennandi tækifæri til að ræða um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem mörg barnanna hafa fjallað um í skólanum og hvað í honum felst.

3. Hugleiðing

Biblían skiptist í margar bækur eða rit. Ein af bókum Biblíunnar er Postulasagan sem fjallar um hvað gerðist hjá lærisveinum Jesú og fylgismönnum þeirra eftir að Jesús steig upp til himna á Uppstigningardag. Í Postulasöggunni getum við lesið að lærisveinar Jesú voru sumir fljótir að gleyma því að Jesús elskaði alla menn jafnt. Í Jerúsalem bjó fólk frá mismunandi svæðum í heiminum. Flestir töluðu tungumál sem heitir arameíska en aðrir töluðu grísku.

Þannig er sagt frá því á einum stað að einn daginn tóku grískumælandi kristnir í Jerúsalem eftir því að sumir sem töluðu grísku voru skyldir útundan af þeim sem stjórnðu í kirkjunni í Jerúsalem. Óréttlætið var lagfært þegar á það var bent, en það er sagt frá því í Postulasöggunni svo við munum að óréttlæti og það að skilja útundan getur gerst hjá öllum, meira að segja hjá lærisveinum Jesús, sem þekktu hann.

Við höfum öll tilhneigingu til að skipa öðrum í hóp og oft finnst okkur að aðrar reglur eigi að gilda um okkur og okkar hóp en aðra. Þegar við erum í meirihluta finnst okkur jafnvel í lagi að kjósa um hvaða réttindi eiga að gilda fyrir aðra. Meðan einstaklingar tilheyra meirihlutanum þá finnst mörgum engin ástæða til að skipta sér af eða gera athugasemdir. Prestur frá Þýskalandi sem hét Martin Niemöller, útskýrir þetta vel með ljóði.

...fyrst komu þeir og sóttu kommúnistana;
ég sagði ekkert því að ég var ekki kommúnisti.
Síðan sóttu þeir gyðingana;
ég sagði ekkert því að ég var ekki gyðingur.
Þá komu þeir til þess að sækja verkamennina,
félaga í stéttarfélögum;
ég var ekki í stéttarfélagi.
Þar á eftir sóttu þeir kaþólikkana;

ég sagði ekkert því að ég var mótmælandi.

Loks komu þeir til þess að sækja mig og enginn varð eftir sem gat sagt neitt.

(Pýðingin á orðum Martin Niemöller er fengin úr Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk, bls. 32)

Niemöller var prestur í seinni heimsstyrjöldinni og var vitni að því þegar nasistar náðu völdum og tóku einn hóp í einu og lét drepa þá.

Það er mikilvægt að standa upp fyrir eigin réttindi líkt og grískumælandi kristnir gerðu í Jerúsalem fyrir hartnær 2000 árum, en það er ekki síður mikilvægt að standa upp fyrir aðra, jafnvel þegar það hentar okkur ekki. Ekki einvörðungu vegna þess að það getur komið sér vel síðar, heldur einfaldlega vegna þess að það er rétt. Allt mannkyn er dýrmæt sköpun Guðs. Hér er mikilvægt að við gleymum aldrei að ALLT merkir ALLT. Ekki bara þau sem eru eins og við. (Texti hugleiðingarinnar og samveran í heild byggir á eldra efni, sjá hér: <http://efnisveita.kfum.is/2012/01/godvild/>)

4. Samantekt

Allt mannkyn er dýrmæt sköpun Guðs og við eigum að berjast fyrir jöfnum réttindum allra, jafnvel þó það henti okkur ekki.

5. Hugmyndabanki

Réttindi barna

Á vefsíðunni <http://www.nams.is/kompas> er verkefni sem ber heitið „Réttindi barna“. Í því verkefni þurfa þátttakendur að raða greinum barnasáttmálans í tígul, mikilvægasta greinin efst og sísta greinin neðst.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (SP) hefur verið samþykktur af öllum aðildarþjóðum SP nema Sómalíu og Bandaríkjunum. Í honum er tíunduð réttindi sem öll börn eiga að hafa. Í tengslum við þessa samveru gæti verið spennandi að ræða efni sáttmálans við þátttakendur í starfinu. Verkefni og nánari upplýsingar um sáttmálann má fá á <http://www.barnasattmali.is/nam/index.html>.

10. Morgunstund: Hve oft? – sjötíu sinnum sjö

Ritningartexti: Mt 18.21-35.

1. Boðskapur – Fyrirgefning

Það getur verið erfitt að fyrirgefa, en Jesús kallar okkur til að fyrirgefa hvert öðru. Þá megum við treysta því að Guð fyrirgefur okkur.

2. Aðkoma

„Er eitthvað sem er ekki hægt að fyrirgefa?“ getur verið góð spurning í upphafi stundarinnar. Þó við getum ekki hugsað okkur að fyrirgefa, þá er Guð til í að fyrirgefa allt.

3. Hugleiðing

Pétur lærisveinn Jesús var oft að hugsa alskonar. Pétur hafði örugglega oft heyrt Jesú tala um mikilvægi fyrirgefningarinnar og sjálfsagt hafði Pétur heyrt Jesús biðja „Faðir vor“, þar sem við biðjum Guð að fyrirgefa okkur, eins og við fyrirgefum öðrum. En orðin „Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ þýðir einmitt: „Guð fyrirgefðu okkur það sem við gerum rangt, eins og við fyrirgefum þeim sem gera eitthvað slæmt gagnvart okkur.“

En aftur að Pétri. Hann hafði spurningu fyrir Jesús:

... „Drottinn, hve oft á ég að fyrirgefa bróður mínum ef hann misgerir við mig? Svo sem sjö sinnum?“

Jesús svaraði: „Ekki segi ég þér sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö.“

Því að líkt er um himnaríki og konung sem vildi láta þjóna sína gera skil. Hann hóf reikningsskilin og var færður til hans maður er skuldaði tíu þúsund talentur. Sá gat ekkert borgað og bauð konungur þá að hann skyldi seldur ásamt konu og börnum og öllu sem hann átti til lúkningar skuldinni. Þá féll þjónninn til fóta honum og sagði: Haf biðlund við mig og ég mun borga þér allt. Og herra þjónsins kenndi í brjósti um hann, lét hann lausan og gaf honum upp skuldina.

Þegar þjónn þessi kom út hitti hann einn samþjón sinn sem skuldaði honum hundrað denara. Hann greip hann, tók fyrir kverkar honum og sagði: Borga það sem þú skuldar! Samþjónn hans féll þá til fóta honum og bað hann: Haf biðlund við mig og ég mun borga þér. En hann vildi það ekki, heldur fór og lét varpa honum í fangelsi uns hann hefði borgað skuldina. Þegar samþjónar hans sáu hvað orðið var urðu þeir mjög hryggir og sögðu herra sínum allt sem gerst hafði. Konungurinn kallar þá þjóninn fyrir sig og segir við hann: Illi þjónn, alla þessa skuld gaf ég þér upp af því að þú baðst mig. Bar þér þá ekki einnig að miskunna samþjóni þínum eins og ég miskunnaði þér? Og konungur varð reiður og afhenti hann böðlunum uns hann hefði goldið allt sem hann skuldaði honum.

Á tíma Jesús var 7 heilög tala. Að gera eitthvað 7 sinnum, merkti að gera eitthvað alltaf. Pétur var þannig á réttri leið þegar hann spurði Jesús, hvort það ætti að fyrirgefa 7 sinnum. En Jesús bætti um betur. Við eigum ekki bara að leitast við að fyrirgefa alltaf, heldur alltaf, alltaf, alltaf, alltaf, alltaf ... (sjötíu sinnum alltaf).

Það að fyrirgefa misgjörð merkir ekki að leyfa einhverjum að meiða sig, á því er mikill munur. Það að fyrirgefa snýst ekki bara um að gefa af sér, heldur að skilja og læra að það sem hefur gerst verður ekki aftur tekið og við þurfum að byrja upp á nýtt. Að geta ekki fyrirgefið, þýðir að við getum ekki haldið áfram lífinu okkar, við erum föst í því sem hefur gerst.

4. Samantekt

Jesús hvetur okkur til að fyrirgefa alltaf, alltaf, alltaf ... (sjötíu sinnum alltaf)

5. Uppflettitextar

- Þá sté Jesús í bát og hélt yfir um og kom til borgar sinnar. Þar færa menn honum lama mann sem lá í rekkju. Þegar Jesús sá trú þeirra sagði hann við lama manninn: „Vertu hughraustur, barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefnar.“ Nokkrir fræðimenn hugsuðu þá með sjálfum sér: „Hann guðlastar!“ En Jesús þekkti hugsanir þeirra og sagði: „Hví hugsist þið illt í hjörtum ykkar? Hvort er auðveldara að segja: Syndir þínar eru fyrirgefnar, eða: Statt upp og gakk? En til þess að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald á jörðu að fyrirgefa syndir þá segi ég þér,“ -; og nú talar hann við lama manninn: „Statt upp, tak rekkju þína og far heim til þín!“ (Mt 9.1-6)
- Dæmið ekki og þér munuð eigi verða dæmd. Sakfellið eigi og þér munuð eigi verða sakfelld. Fyrirgefið öðrum og Guð mun fyrirgefa yður. (Lk 6.37)
- Fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum. (Mt 6.12)

6. Útikennsla/eftir samveruna

Brenna syndir

Það er fátt jafn sjónrænt eins og að skrifa það sem við höfum brotið af okkur á blað og brenna það. Á þann hátt leitum við fyrirgefningu Guðs. Hægt er að bjóða krökkunum að skrifa á blað ef þau hafa gert eitthvað rangt og leyfa þeim að kasta „syndum sínum“ á eld. Hægt er að notast við t.d. Macintosh dollu sem blöðin eru sett í, síðan er hægt að hella yfir rauðspritti og kveikja í. Þetta má útfæra á ýmsa vegu. Hér er mikilvægt að tala skýrt og segja þeim að þrátt fyrir að Guð fyrirgefi allt, þá þurfum við líka að leita til þeirra sem við brjótum gegn og óska eftir fyrirgefningu þeirra. Það gerist ekki á þessari stund.

11. Kvöldvaka: Biðjið og yður mun gefast

Ritningartexti: Mt 7.7-12.

1. Boðskapur – Mikilvægi bænarinnar

Bænin er það verkfæri sem við höfum til að tala við Guð. Mikilvægi bænarinnar og það að geta orðað vonir sínar og vonbrigði við Skaparann eru þeir þættir sem verða kynntir fyrir börnunum í þessari hugleiðingu.

2. Aðkoma

Mikilvægt er að byrja þessa hugleiðingu með bæn og útskýra í stuttu máli að bænin er samtal okkar við Guð.

3. Hugleiðing

Einhverju sinni kom mikið flóð í Hvergilandi. Einn íbúi landsins taldi sig mjög trúaðan og góðan mann. Þegar vatnið byrjaði að leka inn á stofugólfið kraup hann niður og bað Guð um að bjarga sér.

Skömmu síðar var bankað og fyrir utan stóðu menn í flotgöllum á stórum jeppa og buðust til að keyra hann á öruggt svæði, enda von á meiri vatnsflaumi. En góði og trúaði maðurinn sagði þeim að bjarga öðrum, hann sjálfur hefði beðið til Guðs og væri þess fullviss að Guð myndi bjarga honum.

Vatnsborðið hækkaði enn og sögupersónan okkar þurfti að flýja upp á aðra hæð, enda var flóðið svo mikið að öll neðri hæðin hans var farin á bólakaf. Þar kraup hann við glugganum á svefnherberginu sínu og bað Guð um björgun þegar björgunarbát lagði að við gluggann. Í bátnum voru nokkrir votir nágrannar og hjálparsveitarmenn sem sögðu honum að hoppa um borð, því enn væri von á meira vatni. En okkar maður hélt nú ekki. Hann væri santrúaður og Guð myndi bjarga honum. Og báturinn sigldi burt.

Enn leið og beið, vatnið óx og óx og nú var trúaði maðurinn okkar kominn upp á þak og hélt sér dauðahaldi í skorsteininn, jafnframt því að biðja til Guðs ákafar enn nokkru sinni, enda færðist vatnið nær og nær. Þá birtist þyrla í fjarska sem flaug í átt að húsinu hans og staðnæmdist fyrir ofan hann. Sigmaður seig niður úr þyrlunni og bauð manninum far, enda ljóst að hann myndi drukkna að öðrum kosti. Maðurinn bandaði sigmanninum frá sér og sagði: Ég er trúaður og ég hef beðið Guð að hjálpa mér. Ég veit að hann gerir það. Sigmaðurinn sá að ekki yrði tauti við hann komið, gaf merki og var dreginn einn upp í þyrluna, en trúaði maðurinn okkar beið áfram björgunar Guðs. Eftir fáeinar mínútur drukknaði hann svo.

En sögunni líkut ekki þar. Trúaði maðurinn okkar endaði í himnaríki og um leið og hann hafði gengið inn um Gullna hliðið strunsaði hann á fund Guðs. Þar sem hann mætti Guði

öskraði hann: Hvað er að þér Guð, ég bað til þín ítrekað. Ég lagði allt mitt traust á þig og þú lést mig drukkna. Af hverju?

Guð leit á hann rólegur og sagði: Þegar þú baðst í fyrsta skipti, sendi til þín menn á bít að bjarga þér. Þá sendi ég björgunarbát og loks sendi ég þyrlu. En aldrei heyrðir þú bænasvarið.

Við megum biðja til Guðs og tala við hann um alla hluti, stóra og smáa. Það er sérstök gjöf Guðs til okkar að við megum segja honum allt, leggja allt í hans hendur. Í Filippíbréfinu í Nýja testamentinu stendur að við eigum að gera í öllum hlutum óskir okkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð.

En þegar við leggjum allt fram fyrir Guð verðum við samt að muna að Guð gerir ekki alltaf eins og við viljum. Og sú hættu er meira að segja fyrir hendi að svarið sé öðruvísi en við höfðum séð fyrir okkur, líkt og hjá manningnum í sögunni sem þið heyrðuð áðan.

Guð svarar ýmist já, nei eða bíddu við. Stundum finnst okkur hann e.t.v. óréttlátur en við megum líka segja honum það.

Aðalatriðið er að við megum alltaf, alls staðar segja Guði allt. Og við getum treyst því að hann hlustar.

4. Samantekt

Við megum biðja Guð um alla hluti. Hann svarar bænum en kannski ekki alltaf á þann hátt sem við sjáum sjálf fyrir okkur.

12. Morgunstund: Ég segi aftur verið glöð

Ritningartexti: Fil 4.4-9.

1. Boðskapur – Gleði

Guð vill að við gleðjumst yfir því að hann sé með okkur. Afleiðingar gleðinnar og þakklætisins til Guðs á að sjást í framkomu okkar og góðvild gagnvart öðrum.

2. Aðkoma

Samverunni er ætlað að vekja þátttakendur til umhugsunar um hverju við deilum með okkur. Hægt er að byrja með spurningunni: „Hvað gleður ykkur?“ Þegar þátttakandi hefur svarað, má spyrja hvort hann vilji leyfa öðrum að njóta gleðinnar með sér.

3. Hugleiðing

Mér finnast súkkulaðikökur frábærar.

Núna er ég búin að finna góða uppskrift sem ég baka stundum. Þá loka ég eldhúshurðinni, set á mig svuntu, dreg upp hrærivélina og set í gang.

Og á meðan kakan er að bakast í ofninum fyllist allt eldhúsið af dásamlegri súkkulaðilykt. Um leið og kakan er orðin köld og súkkulaðið hart, fæ ég mér eina sneið. Næstu daga fæ ég mér svo bita og bita uns hún klárast.

En það eru tveir hlutir sem ég hef á hreinu í sambandi við kökugerðina. Enginn fær að bragða kökuna mína. Nei, ég gef ekki öðrum með mér. Og uppskriftina fær enginn að sjá. Ég á hana skrifaða á blað sem ég geymi á góðum stað í herberginu mínu þar sem enginn getur fundið hana.

- Eigingjarn, segir þú? Meinarðu það? Verð ég að gefa öðrum með mér?
- Hvers vegna? Það er alls ekki víst að öðrum líki kakan.
- Ætti ég líka að gefa einhverjum uppskriftina? Vilja kannski aðrir prófa hana?
- En uppskriftin er mitt litla sæta leyndarmál!
- Getur það verið illa gert?

Við erum víst flest sammála um að þetta eru skrytnar hugmyndir sem kökueigandinn hefur. Ef við bökum góða köku, förum við til annarra og bjóðum þeim og bíðum óþreyjufull eftir staðfestingu á því að þetta hafi nú verið góð kaka sem við bökuðum.

Hugsaðu þér þessar aðstæður: Allur vinahópurinn þinn situr við borðið, kakan gengur hringinn og allir horfa á hana soltnum augum.

- „Mmmm.“
- „Mmmmm“.
- „Hún hlýtur að vera góð þessi.“

- „Já, finnst þér það, en við höfum ekki bragðað hana.“
- „Get ég fengið uppskriftina?“
- „Gjörðu svo vel. Hér er ég með blað og blýant.“
-

Stundum finnst mér eins og þeir sem eru kristnir hagi sér eins og kökueigandinn; geymi það góða sem þeir eiga fyrir sjálfa sig. Getur verið að þú gerir það líka? Lokum við trúna innra með okkur og látum ekki aðra vita af því hvað Jesús skiptir miklu máli.

- Að það sé allt í lagi að biðja þegar við erum hrædd, hvort sem við erum 11, 18 eða 52 ára.
- Að við megum biðja um hjálp þegar okkur verður á.
- Að við getum fundið mörg svör í Biblíunni sem gilda fyrir líf okkar.
- Að Guð kallar okkur til að gleðjast yfir sköpun sinni.

Kannski þurfum við að vera duglegri við að segja öðrum frá trú okkar á Jesú.

(Súkkulaðikökur og fleira - úr fræðsluefni fyrir sumarbúðir KFUM og KFUK 1991. Lítillega lagfært og aðlagð)

4. Samantekt

Það er gott að trúa á Guð og eiga hann að. Guð vill að við segjum öðrum frá gleði trúarinnar.

5. Uppflettitextar

- Njót gleði í Drottni, þá veitir hann þér það sem hjarta þitt þráir. (Slm 37.4)
- En ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsagi. Gegn slíku er lögmálið ekki. (Gal 5.22-23)

6. Hugmyndabanki

Popptenging - Hlátur í neðanjarðarlest

<http://www.youtube.com/watch?v=EeauvE1M7qc>

Hláturverkefnið í Berlín miðar að því að gleðja fólk í daglegum verkefnum. Hér er myndband af einstaklingum sem ákveða að gleðja í neðanjarðarlest. Hvað getum við gert til að gleðja þá sem í kringum okkur eru?

Foreldra- og ættingjabréf

Það er hægt að bjóða þátttakendum að skrifa bréf til foreldra, ættingja eða vina þar sem þeir þakka þeim fyrir eitthvað gott sem viðtakandi bréfsins hefur gert fyrir þau og gleðja þannig með þakklæti. Þátttakendur fá blað og umslag og þurfa að skrifa heimilisfang viðtakanda á það. Bréfin yrðu send frá sumarbúðunum einni viku eftir lok hvers flokks.

Að deila með sér

Vel fer á því að bjóða upp á nýbakaða súkkulaðiköku í lok samverunnar.

Aukamorgunstund: Heiðarleiki

Ritningartexti: Rm 12.17-21.

1. Boðskapur – Heiðarleiki

Guð vill að við gerum það sem er rétt.

2. Aðkoma

Það má byrja á að spyrja þátttakendur hvort að þau geri alltaf það sem er rétt. Hvers vegna gerum við stundum það sem er rangt.

3. Hugleiðing

Hvað mörg ykkar hafa einhvern tímann verið send inn í herbergi til að taka til? Það er eitthvað sem þið þekkið flest. En hvað mörg ykkar hafa, í stað þess að gera eins og ykkur er sagt, ákveðið að hrúga bara öllu dótinu ykkar undir rúm eða inn í skáp og vonað að pabbi og/eða mamma tækju ekki eftir því? Ég held að við flest höfum einhvern tímann verið óheiðarleg þegar kemur að því að taka til í herberginu okkar, sem er ekki nógu gott.

Biblían talar víða um að launa illt með góðu og ekki síður launa gott með góðu. Þetta tvennt er nefnilega gífurlega mikilvægt. Ef einhver kemur illa fram við okkur, þá segir orð Guðs í Biblíunni að við eigum að svara til baka af ást og kærleika, launa illt með góðu.

En síðan er það ekki síður hitt, Guð vill að við launum líka gott með góðu. Ef einhver er góður við okkur, elskar okkur og verndar okkur, þá eigum við að koma vel fram við hann. Þannig vonar Guð að við endurgjöldum elskuna sem Guð auðsýnir okkur.

Ef Guð er tilbúin að gefa einkason sinn fyrir okkur, ef Guð hefur skapað allan heiminn svo við getum notið hans og ef Guð hefur gefið okkur regluverk til að fylgja svo hans vilji, það sem er gott, fagurt og fullkomið, ná fram að ganga, er þá ekki það besta og réttasta sem við getum gert fyrir Guð að gefa sjálf okkur fyrir aðra, vernda sköpunina og fylgja reglunum.

4. Samantekt

Guð vill að við komum vel fram við allt mannkyn og séum heiðarleg.

5. Uppflettitextar

- En gleymið ekki velgjörðaseminni og hjálpseminni því að slíkar fórnir eru Guði þóknanlegar. (Heb 13.16)
- Sannleiksorð eru yndi konunga, hinn hreinskilni fellur þeim í geð. (Ok 16.13)
- Sælir eru miskunnsamir því að þeim mun miskunnað verða. (Mt 6.7)

Aukakvöldvaka: Að gera rétt

Ritningartexti: 2Kor 8.21.

1. Boðskapur – Heiðarleiki

Guð vill að við gerum það sem rétt er. Bæði í augum Guðs og manna.

2. Aðkoma

Hugleiðingin (frásagan) hér á eftir kemur í beinum tengslum við morgunstundina um heiðarleika.

3. Hugleiðing

Mig langar til að segja ykkur litla sögu eða ævintýri.

Einu sinni var stórt konungsríki. Konungurinn hafði vakað yfir ríkinu í mörg ár, en nú var komið að því að konungurinn þurfti að velja arftaka sinn, en hann átti engin börn.

Konungurinn kallaði þá saman alla íbúa landsins og tilkynnti þeim að allir 6. bekkingar landsins myndu fá að gjöf eitt fræ, sem þeir ættu að rækta eftir bestu getu í eitt ár. Sá 6. bekkingur sem bestum árangri næði í ræktun fræsins myndi verða konungur.

Daginn eftir afhentu kennarar nemendunum eitt fræ sem þau tóku heim.

Hann Reynir var einn þeirra sem fékk fræ til ræktunar. Hann fékk mömmu sína til að hjálpa sér að búa um fræið í litlu plastglasi, þau fylltu glasið af ræktarmold og vökvuðu vel. Daginn eftir skoðaði Reynir glasið vandlega, bætti við vatni og passaði að moldin væri alltaf rök, mamma hans gaf honum bætiefni til að setja í moldina og síðan leið og beið.

Eftir einn mánuð fóru krakkarnir í skólanum að tala um hvernig plönturnar væru byrjaðar að stinga sér upp úr moldinni, en það var sama hvað Reynir horfði stíft, hann sá ekkert gerast hjá sér. Mamma hans hvatti hann samt áfram af krafti. „Ekki gefast upp.“ Sagði hún.

„Aðalatriðið er að gera sitt besta.“

Áfram leið tíminn. Ekkert gerðist í plastglasinu hans Reynis, en hinir krakkarnir töluðu um að þau hefðu þurft að setja plönturnar sínar í nýja potta, þær væru orðnar svo stórar. En plantan hans Reynis lét ekki sjá sig. Þannig leið allt árið, en Reynir reyndi og reyndi. Hann notaði alskyns vaxtarblöndur og plöntunæringu í moldina. Hann setti vatn á moldina á hverjum degi. Hann jafnvel notaði rakamæli til að fylgjast með að moldin væri ekki of blaut og ekki of þurr fyrir fræið. En allt kom fyrir ekki, plantan lét ekki sjá sig. Á meðan voru skólafélagarnir orðnir mjög spenntir og töluðu mikið um hvað ræktunin gengi vel og plönturnar sínar væru orðnar stórar.

Eftir eitt ár kom að deginum mikla. Konungurinn ætlaði að heimsækja skólann og velja næsta konung. Reynir horfði á plastglasið sem hann hafði vökvað og verndað í heilt ár án árangurs. Hann sagði mömmu sinni að hann ætlaði ekki í skólann þennan dag, enda hefði

sér mistekist algjörlega. Mamma hans horfði á hann og sagði: „Kæri Reynir, þú gerðir þitt besta. Nú skaltu fara með glasið í skólann og standa með hinum krökkunum. Þú gerðir allt rétt, þannig að sjáum hvernig fer.

Reynir var ekki sammála mömmu sinni, en fór samt af stað í skólann. Þegar hann nálgast skólann, sá hann hvar skólafélagarnir streymdu að. Sumir héldu á stórglæsilegum blómarunnum, hann sá pallbíla keyra inn á bílastæði skólans með risastór epla- og perutré. Hann sé jafnvel vörubíl með stóru grenitré renna í hlað. Reyni leið illa, þarna var hann með plastglas með blautri mold, en hin höfðu náð að rækta alskonar fegurð á þessu eina ári. Hann mundi samt að hann hafði lofað mömmu sinni að fara inn í skólann.

Hann gekk inn í íþróttahús skólans þar sem allir höfðu safnast saman. Íþróttasalurinn leit út eins og listigarður. Glæsilegur gróður, hvert sem litið var. Reynir reyndi að fela sig, tók sér stöðu plastglasið á bakvið gífurlega fallegan jarðaberjarunna sem vinur hans hafði ræktað. Konungurinn gekk inn í salinn, leit í kringum sig og gekk í áttina að jarðaberjarunnum. Allir í kringum Reyni voru mjög spenntir, nema Reynir sem langaði helst að hverfa. Konungurinn gekk beint að Reyni, horfði á glasið og spurði: „Hvar er plantan þín?“ Reyni leið ekki vel, hann horfði niður á plastglasið sitt. Meira að segja konungurinn hafði séð að Reynir hafði enga plöntu.

Reynir leit upp af glasinu, horfði næstum grátandi á konunginn og sagði: „Ééé-g rey-rey-ndi allt. Ég setti fræið í gó-góða mold. Ég gaf því vatn á hverjum degi og áburð og næringu, en ekkert gerðist.“

Konungurinn lagði hönd sína á öxl Reynis, leit yfir salinn og sagði hátt og skýrt. „Hér höfum við nýjan konung. Ég gaf öllum börnunum í landinu ónýtt dautt fræ og ekkert getur vaxið af dauðu fræi. En það var Reynir einn sem var nógu heiðarlegur til að skipta ekki um fræ, heldur sinna því fræi sem ég gaf ykkur. Jafnvel þótt árangurinn virtist enginn.“

Þetta ævintýri er ekki í Biblíunni. Þetta er flökkusaga sem hefur gengið manna á milli um einhverja stund. Sagan breytist en boðskapurinn er sá sami. Við eigum að fara vel með þær gjafir sem Guð gefur okkur, þó á stundum við sjáum ekki mikinn árangur af því sem við gerum. Það er ekki síður mikilvægt að gera það sem er rétt, alltaf alstaðar.

Í Matteusarguðspjalli (6.33) segir: „En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.“ Ef við erum heiðarleg, gerum það sem gott er, þá mun allt að lokum fara á besta mögulega veg.

4. Samantekt

Guð vill að við gerum það sem er rétt.

Viðbætur

Hér fyrir aftan eru gagnlegar upplýsingar fyrir starfsfólk sumarbúða KFUM og KFUK sumarið 2012. M.a. eru upplýsingar um ferli barnaverndarmála, eintak af siðareglum æskulýðssvettvangsins, upplýsingar um notkun heimasíðu KFUM og KFUK og ýmislegt fleira.

G ó ð m e n n s k a



H j á l p s e m i



K æ r l e i k u r



H u g r e k i



Fyrirgefning



Gleði



Heimasíðan

Kynning

Í janúar 2012 tók KFUM og KFUK í notkun nýja heimasíðu. Markmið nýju heimasíðunnar eru nokkur. Það þó helst að auðvelda umsýslu og skrif á síðuna og eins að auðvelda tengingar við félagsmiðla eins og t.d. Facebook.

Hér á eftir eru helstu upplýsingar um hvernig hægt er að setja efni inn á síðuna.

AÐ SKRÁ SIG INN Á KERFIÐ

Til að skrá sig inn á vefumsjónarkerfið þarf að tengja KFUM og KFUK síðuna Facebook reikning1. Það er gert á eftirfarandi hátt.

Til að stofna notanda á kfum.is

1. Neðarlega hægra megin undir orðunum „Tengdu við síðuna með:“ er Facebook tákni.
2. Veldu Facebook táknið.
3. Þegar táknið er valið kemur upp gluggi þar sem beðið er um heimild til að setja upp KFUM og KFUK app í Facebook.
4. Samþykktu KFUM og KFUK app fyrir Facebook.
5. Þegar búið er að skrá sig inn í kerfið þarf að senda póst á elli@kfum.is.
6. Vefstjóri KFUM og KFUK vefsins sér síðan um að veita viðkomandi reikning ritstjórnaraðgang að síðunni. Slíkt er gert handvirkt og getur tekið allt að 24 klst.
7. Þetta þarf aðeins að gera einu sinni og eftir það er hægt að nota Facebook



Skráning inn á kfum.is


Eftir að búið er að skrá notanda (sjá ofar), þá þarf að smella á rétt tákni neðst á síðunni til að skrá sig inn með Facebook.

Að skrifa fréttir

Til að skrifa fréttir á síðuna

1. Farðu á forsíðu kfum.is
2. Smelltu á +New efst á síðunni.
3. Þá opnast síða þar sem fréttin er skráð.
4. Gefðu fréttinni lýsandi fyrirsögn en ekki of langa.

- Fréttin er síðan skrifuð í fréttagluggann. Ekki notast við feitletranir, skáletur eða mismunandi stafagerðir. (Ef fréttin er skrifuð í Microsoft Word og límd inn í fréttagluggann er mjög mikilvægt að velja "HTML view" áður en textinn er límdur inn. Annars fylgir alskonar "rusl textaskipanir" með Word textanum.)
- Meira takkinn er notaður til að fréttin birtist ekki öll á yfirlitssíðum. Það er mjög mikilvægt að setja meira merki <!--more--> eftir 2-3 setningar í fréttinni.
- Veldu réttan flokk (e. Category) fyrir viðkomandi frétt.
- Þegar fréttir eru skrifaðar frá sumarþúðunum er valið nafn sumarþúðanna.
- Ef frétt á að birtast á forsíðu þarf að velja flokkinn „Forsíða“. Við mælumst til þess að fréttir frá sumarþúðunum séu ekki settar á forsíðu kfum.is/kfuk.is.
- Til að birta fréttina er síðan smellt á „Birta frétt“ á hægri hluta síðunnar.



Myndir með fréttum

Að setja nýjar myndir við fréttir á heimasíðunni.

- Nauðsynlegt er að textabendilinn sé efst/fremst í fréttatextaglugganum þegar mynd er sótt.
- Fyrir ofan fréttatextagluggann stendur einfaldlega „Add Image(s)“ eða „Upload/Insert“.
- Þegar smellt er þar kemur gluggi með leiðbeiningum um að sækja mynd í tölvuna sem unnið er á.
- Ef valmyndin hér til hliðar kemur upp er hægt að draga mynd úr möppu yfir orðin „Drop files here“ og þá fer myndin á netið. Einnig má velja „Select Files“ eða „Browse“ og finna rétta mynd í tölvunni.
- Þegar myndin hefur verið vistuð á heimasíðuna kemur upp valmynd sem mikilvægt er að fylla út með réttum hætti (sjá næstu síðu).



Að setja nýjar myndir við fréttir á heimasíðunni.

- Nauðsynlegt er að textabendilinn sé efst/fremst í fréttatextaglugganum þegar mynd er sótt.
- Fyrir ofan fréttatextagluggann stendur einfaldlega „Add Image(s)“ eða „Upload/Insert“.
- Ef myndin er þegar til á heimasíðunni, er hægt að velja *Margmiðlun*.

4. Í leitarramma má setja inn leitarorð.
5. Smellt er á orðið “Sýna” við myndina sem nota á (þá kemur valmynd)

Að fylla inn upplýsingar um myndir

Í glugganum „Færa inn önnur gögn“ er nauðsynlegt að gera eftirfarandi.

1. Heiti - gefa þarf lýsandi heiti
2. Bakviðstexti - skrifa hvað er á myndinni.
3. Myndatexti - Ekki fylla neitt út.
4. Lýsing - Ekki fylla neitt út.
5. Jöfnun - velja rétta staðsetningu (sjá neðar)
6. Stærð - velja rétta stærð (sjá neðar)
7. Smella á „Flytja í færslu“.

Mynd með frétt (landscape)

- Jöfnun á að vera „Miðja“
- Stærð á að vera „Large“

Mynd með frétt (portrait)

- Jöfnun á að vera „Vinstri“
- Stærð á að vera „Pumla“
-

Mynd vegna fundatilkynninga – AD eða samkomur

- Jöfnun á að vera „Vinstri“
- Stærð á að vera „Pumla“

Laga fréttir

Til að laga texta í fréttum er einfaldlega smellt á viðkomandi frétt og valið „Edit“ efst á síðunni. Þá opnast fréttin í samsvarandi glugga og fæst þegar skrifuð er ný frétt. Textinn er uppfærður og síðan smellt á „Uppnýja“ hægra megin á síðunni.

Fjöldamyndir af atburðum

Markmiðið er að sumarbúðirnar og leikjanámskeiðin birti daglega 30-40 myndir á netinu fyrir foreldra til að skoða.

Tvær leiðir eru færar til að birta myndir í tengslum við KFUM og KFUK síðuna. Annars vegar er einfaldlega hægt að setja upp albúm fyrir hvern dag á Facebook síðu (e. Page)



viðkomandi sumarþúða. Hægt er að vera með hlekk (e. link) í frétt dagsins á Facebook albúmið. Þetta er líklega auðveldasta leiðin og verður ekki útskýrð frekar.

Hins vegar er hægt að notast við <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-island/>. Það er nú þegar tengt við kfum.is. Það er auðvelt að setja myndirnar inn á flickr, en kallar á smá handavinnu til að myndir fari í réttar möppur og á rétt svæði. Leiðbeiningar um flickr notkun fara hér á eftir.

Flickr og mac-tölvur

Ef notast er við iPhoto er hægt að setja upp Flickr-reikning KFUM og KFUK í forritið. Síðan er notast við „Share“ hnappinn í iPhoto til að setja myndirnar á vefinn. Sér albúm er búið til fyrir hvern flokk og myndum bætt í það albúm daglega.

Flickr og PC

Til að setja myndir úr Windows tölvum á Flickr, er hægt að notast við smáforritið Flickr Uploadr, sem hægt er að sækja frítt á netið. Þegar búið er að sækja forritið og skrá sig inn á Flickr með reikningnum kmisland@yahoo.com eru myndir settar inn með því að:

- Myndir dregnar inn á myndasvæðið.
- **Mjög mikilvægt:** Tag sett á allar myndir með nafni sumarþúðanna í litlum stöfum.
- Set er útbúið með nafni sumarþúðanna, flokki og degi á forminu: Kaldársel-1fl-3dagur
- Myndirnar hlaðnar inn á netið.

MYNDBÖND ÚR STARFINU

Hægt er að setja myndbönd úr starfinu inn á Facebook vegg viðkomandi starfsstöðvar eða hjá KFUM og KFUK á Íslandi. Auðvelt er að setja hlekk (e. link) af Facebook myndbandinu í fréttir á kfum.is.

Fyrir lengra komna: Hægt er að embed-a myndbönd inn á kfum.is síðuna. Það verður ekki kennt hér, en er mjög einfalt. Þegar notast er við youtube myndbönd er mikilvægt að notast við “wmode=opaque” skipunina í lok urlins.

Notendanöfn á vefsvæðum

<http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-island/> - Notendanafn: kmisland@yahoo.com

Slysa- og veikindaskráning í Sumarbúðum KFUM og KFUK

Dags. _____ 20__ kl. ____ : _____

Nafn þolanda _____

Slys (óhapp)/veikindi, lýsing á ástandi:

Lýsing á atviki:

Viðbrögð starfsfólks/vitni:


Niðurstaða:

Undirskrift starfsmanns:

Undirskrift forstöðumanns

Tilkynningarferli barnaverndarmála KFUM og KFUK

Ef starfsmaður verður áskynja einhvers



Tilkynningarferli barnaverndarmála KFUM og KFUK

Ef starfsmaður á í hlut



Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sem tilkynnt er til:

- Júní: Hjördís Rós Jónsdóttir, sími 695 18870
- Júlí: Jón Ómar Gunnarsson, sími 866 7917
- Ágúst: Halldór Elías Guðmundsson, sími 893 6687

SÍÐAREGLUR

REKSTUR OG ÁBYRGÐ

FYRIR STARFSFÓLK OG SJÁLFBODALIÐA
ÆSKULÝÐSVETTANGSINS



ÆSKULÝÐS
VETTVANGURINN



REKSTUR OG ÁBYRGÐ

1. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu gegna störfum sínum af kostgæfni, samvirkusemi, trúmennsku og heiðarleika. Öllu starfi skal sinna með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og standa vörð um markmið og heiður þess.
2. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu sýna félaginu, samstarfsfólki, samstarfsaðilum og þátttakendum virðingu, sanngirni og trúnað í samskiptum sínum. Þeim ber að rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi auk þess að gæta hlutlægni og réttlátis.
3. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu koma fram af heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir, auk þess sem engum skal mismunað með orðum eða hegðun á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, aldurs, trúarbragða, skoðana, kynhneigðar, fötlunar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyli.
4. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu aldrei misnota aðstöðu sína gagnvart samskiptaðilum eða þátttakendum með neinum hætti sér til framdráttar eða eigin hags. Komi upp sú staða að hætta sé á hagsmunaaðrestrum skulu aðilar greina frá öllum hugsanlegum persónulegum hagsmunum sem gela haft áhrif á störf þeirra. Framkvæmdasjóri og sjórn mefur hvort um hagsmunaaðrestrur er að ræða.
5. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu forðast að taka að sér verkefni eða störf sem samræmast ekki eða ganga gegn skyldum eða störfum þeirra og eru til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í starfi í efa. Ef vafamál kemur upp skal leita samþykkis framkvæmdasjóra eða sjórnar.
6. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu fyllista trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 á við.
7. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðum er ekki heimilt að nota trúnaðarupplýsingar sem þeir óðlast vegna starfa sinna sér til framdráttar eða í þágu eigin hagsmuna.
8. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu leitast við að skapa jákvætt andrúmsloft í starfi. Gæta skal hófs og sanngirni í ummælum um hvert annað eða aðra svo sem með því að

taka ekki þátt í slúðri eða dreifa rógi. Kynferðisleg áreitni eða einelti er ekki lífið.

9. Öll starfsemi og vinnubrögð skulu unnin á opinum, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt. Ávallt skal veita faglegar og réttar upplýsingar.

10. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu ávallt fara vel með fjármuni og önnur verðmæti félagsins sem þeim er trúnað fyrir eða hafa til umráða vegna starfs síns. Við ráðstöfun þeirra skal hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Aldrei er heimilt að skuldbinda félagið umfram samþykktir. Fjármuni og eigur skal aldrei nota nema í þágu félagsins eða verkefna sem samræmast stefnu þess.

11. Upplýsingar um tekjur og ráðstöfun þeirra skal setja fram á einfaldan og skýran hátt og skulu upplýsingar vera aðgengilegar félagsmönnum. Allar færslur á fjármunum skulu skráðar með viðeigandi hætti og tækar til endurskoðunar.

12. Aldrei skal aflla styrkja með ólögætum hætti eða blekkingum.

13. Hver sá sem á í samskiptum við fjölmiðla skal sýna heiðarleika og gagnsæ vinnubrögð án þess að ljóstra upp trúnaðarupplýsingum. Lögð er áhersla á að veita réttar og eins nákvæmar upplýsingar og unnt er. Ekki skal fullyrða meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkenna þegar þekking er takmörkuð og aflla frekari upplýsinga eða vísa fyrirspurnum annað.

14. Við mannráðningar skal gæta þess að misnota ekki aðstöðu til að ráða skyld- eða venslafólk til starfa. Komi upp slík staða skal viðkomandi starfsmaður víkja ráðningu til yfirmanns eða annars hæfs starfsmanns.

15. Starfsfolk eða sjálfbodaliðar, sem ráðnir eru til að starfa með börnum, skulu hæfir til þess. Ávallt skal leita eftir samþykki þeirra sem hyggjast hefja störf um leyfi fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá.

16. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbodaliðar skulu aldrei taka við né þiggja gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.

17. Gerist aðili brotlegur við ofangreindar reglur er heimilt að vísa þeim úr starfi, tímabundið eða að fullu.

SÍÐAREGLUR

SAMSKIPTI

FYRIR STARFSFÓLK OG SJÁLFBÓÐALIÐA
ÆSKULÝÐSVETTVANGSINS



ÆSKULÝÐS
VETTVANGURINN



SAMSKIPTI

1. Ávallt skal stuðla að velferð barna og unglinga og hafa að leiðarlífi það sem þeim er fyrir bestu.
2. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu gæta vandvirkni og samvísusemi auk þess að koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir. Hafa skal í huga að orð og athafnir samrýmist starfi, umhverfi, stað og stund.
3. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar eru fyrimyndir þátttakenda í starfi og ber að sýna góða hegðun og gott fordæmi jafnt í starfi sem og utan þess.
4. Stuðla skal að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum og unglिंगum.
5. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu ekki mismuna börnum og unglिंगum með orðum eða hegðun á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, lítarháttar, kyns, aldurs, trúarbragða, skoðana, kynhneigðar, fötlunar, efnahags, ættarnis eða stöðu að öðru leyti.
6. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu gæta fylsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í stórum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar starfsfólk eða sjálfbóðaliðar verða þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisáðstæður, verði fyrir áreitni eða hvers konar ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Í slíkum tilfellum ber að fylgja ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.
7. Öll neysla tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna er óheimil í starfi með börnum og unglिंगum.
8. Starfsfólk eða sjálfbóðaliðar, sem ráðnir eru til að starfa með börnum, skulu hæfir til þess. Ávallt skal leita eftir samþykki þeirra sem hyggjast hefja störf um leyfi fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá.
9. Starfsfólk eða sjálfbóðaliðar skulu ekki misnota stöðu sína á neinn hátt, svo sem líkamlega, andlega eða kynferðislega þegar kemur að samskiptum við þátttakendur eða annað starfsfólk og sjálfbóðaliða.
10. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu sinna þátttakendum af

alúð í starfi en halda sig í faglegri fjarlægð utan viðburða og forðast náð samband. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu aldrei hafa frumkvæði að samskiptum við þátttakendur nema slíkt sé í tengslum við þátttöku barns og unglings.

11. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu aldrei stofna til óviðeigandi sambands við börn og ungmenni sem eru þátttakendur í starfi.
12. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu forðast þá aðstoðu að vera ein með þátttakanda.
13. Aldrei skal stefna heilsu eða öryggi þátttakenda í hættu. Ávallt skal sýna fylstu aðgát og varkæmi í starfi og koma í veg fyrir að börn lendi í aðstæðum sem þau ekki ráða við. Þetta á bæði við um börn og sjálfbóðaliða sem ekki hafa náð 18 ára aldri.
14. Einelti skal aldrei liðið og skal starfsfólk og sjálfbóðaliðar leitast við að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi, svo sem andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt.
15. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu leitast við að eiga góð samskipti við samstarfsfólk og foreldra þátttakenda.
16. Hafa skal í huga að mörk einstaklinga eru mismunandi og ber að virða þau. Varast skal hvers konar sneringar sem gætu leitt til misskilnings í samskiptum við börn, unglinga og samstarfsfólk.
17. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu huga að ábyrgum rafrænum samskiptum og netnotkun við þátttakendur. Forðast skal að eiga samskipti í gegnum síma og samskiptasiður á internetinu nema í tengslum við þátttöku barna í viðburðum.
18. Þegar teknar eru ljósmyndir af börnum og unglिंगum sem þátttakendum í starfi skal virða friðhelgi þeirra og rétt til einkalífs. Aldrei skal taka eða birta óviðeigandi myndir af börnum og unglिंगum. Myndir af þátttakendum í starfi, sem teknar eru af starfsfólki og sjálfbóðaliðum, skal aldrei nota til einkanaða.
19. Gerist aðili brotlegur við ofangreindar reglur er heimilt að vísa honum úr starfi, fírnabunditð eða að fullu.